



STJÓRN STRÆTÓ bs.

Ár 2013, miðvikudaginn 3. apríl var haldinn 180. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 8:10.

Mætt voru Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Sigríður Björk Jónsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson.

Fundarritari var Hörður Gíslason.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla vinnuhóps um samgöngumiðstöð í Reykjavík lögð fram til kynningar. Skýrslan er dagsett í febrúar 2013. Samgöngumiðstöðin verði staðsett á U-reit (BSÍ-reit) við Hringbraut.
Borgarráð vísar skýrslunni til umsagnar stjórnar Strætó bs. með bréfi dags. 1. mars sl.
Þorsteinn Hermannsson frá Mannviti, starfsmaður vinnuhópsins, mætti til fundarins og kynnti efni skýrslunnar.
Stjórn Strætó bs. gerir eftirfarandi bókun:
Uppbygging samgöngumiðstöðvar er spennandi kostur fyrir þróun á almenningssamgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.
Stjórn Strætó bs. leggur áherslu á að farið verði í frekari þarfagreiningu við uppbyggingu. Einnig að verkið verði áfangaskipt þannig að sem minnstur órói skapist við leiðakerfisbreytingar.
2. Kynnt vagnakaup, sbr. 1. liður fundargerðar 179. fundar stjórnar. Hafliði Jónsson frá VSÓ mætti til fundarins vegna þessa liðar.
3. Kynnt skýrsla endurskoðenda vegna ársins 2012, dags. 5. mars sl.
4. Lagt fram erindi frá Magnúsi H. Magnússyni hrl. varðandi greiðslu fargjalds, dags. 15.3.2013. Júlía Þorvaldsdóttir sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs mætti til fundarins vegna þessa liðar.
5. Tekin fyrir fyrirspurn Gunnars I. Birgissonar, sbr. 6. liður fundargerðar 178. fundar stjórnar og 6. liður fundargerðar 175. fundar stjórnar.
Formanni falið að vinna málið áfram.
6. Stjórnarformaður óskar að eftirfarandi bókun frá fyrrum fulltrúa Álftaness í stjórn Strætó, Kjartani Erni Sigurðssyni verði færð til bókar:



“Í atkvæðagreiðslu sem fram fór laugardaginn 20. október sl. í Sveitarfélaginu Álftanesi og Garðabæ samþykkti meirihluti kjósenda í báðum sveitarfélögum tillögu um að sveitarfélögin verði sameinuð. Sveitarfélögin verða því sameinuð með frjálstri sameiningu samkvæmt 119. gr. og 120. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Hið nýja sveitarfélag skal heita Garðabær og skal kennitala þess vera 570169-6109 og sveitarfélaganúmer þess 1300. Sameining sveitarfélaganna skal taka gildi 1. janúar 2013. Núverandi bæjarstjórn Garðabæjar tekur yfir stjórn hins nýja sveitarfélags til loka kjörtímabils eða til 8. júní 2014. Núverandi bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness mun starfa sem hverfastjórn samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Á þessum tímamótum vil ég þakka stjórn og stjórnendum Strætó bs. fyrir ánægjulegt og uppbyggilegt samstarf undanfarin misseri. Frá því að núverandi stjórn tók til starfa í júní 2010 hefur margt áunnist í rekstri félagsins. Farþegum hefur fjölgað verulega og þjónusta hefur verið aukin. Félagið hefur greitt niður skuldir og skilað rekstrarafgangi um leið og markmið um hækkandi hlutfall farþegatekna hefur náðst. Það er mikilvægt að haldið verði áfram á sömu braut. Í því samhengi er jafnframt mikilvægt að hafa hemil á vaxandi útgjöldum félagsins til samrekstrar og akstursdeildar og stuðla að frekari hagræðingu. Þjóða þarf út fleiri akstursleiðir og draga úr eigin vagnakosti á sama tíma og tryggja þarf að sömu kröfur verði gerðar til verktaka og þjálfun og menntun starfsmanna þannig að þeir öðlist tilskilda þekkingu og þjálfun til að sinna starfi sínu á umhverfisvænan og öruggan hátt.

Þjónustuaukning samfara ríkisframlagi þarf að vera skýr og styðja við rekstur grunnnets höfuðborgarsvæðisins. Leið 23 út á Álftanes hefur verið skilgreind sem hluti af grunnneti almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan við Álftanes á að uppfylla grunnþjónustu stofnleiða á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.“

Fundi slitið kl. 10:25

Einar Örn Benediktsson

Sturla Þorsteinsson
Sigríður Björk Jónsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir